

203

4. nóv.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

204

5. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún, nr. 161

5. september 1939.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimtast frá og með 1. janúar 1944 og út það ár með 50% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. nóvember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

205

6. nóv.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð 29. marz 1941, um iðnaðarnám, og reglugerð 3. júlí 1942, um breyting á sömu reglugerð.

1. gr.

1. gr. reglugerðar 29. marz 1941 breytist þannig, að á eftir orðinu „gaslagningu“ í A-lið komi: glerslípun og speglagerð, og á eftir orðunum „leturgrefti“ komi: ljósprentun.

Á eftir orðinu „hattasaumara“ í B-lið sömu greinar komi: kjólasaumara, kvenna-klæðskera.

2. gr.

Í 12. gr. sömu reglugerðar, 2. málsg., komi á eftir orðinu „feldskurði“: glerslípun og speglagerð, — og á eftir orðinu „klæðskurði“ komi: kjólasaum, kvenna-klæðskurði.

3. gr.

Á eftir 6. (upphaflega 5.) lið 13. greinar komi nýr 7. liður, svo hljóðandi:

7. Glerslípun og speglagerð.

Nemandi skal:

a. skera, kantslípa og bora glerplötu í innbú verzlunar. Skal glerplatan vera 60×125 cm hið minnsta og ekki þynnri en 6 mm;

b. skera og slípa 25 mm snið (facet) á spegil úr 6 til 8 mm þykku gleri og sé hann ekki minni en hálfur fermetri að stærð;